

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Miðvikudaginn 21. apríl 2004 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 17¹⁵ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gígja H. Óskarsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Oddviti, Adolf H. Berndsen, setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Bjarmanes hugmyndir um rekstur:

Fyrir fundinum lá ein tillaga um rekstur Bjarmaness sem fram kom eftir auglýsingu skv. 3. lið síðasta fundar hreppsnefndar. Ekki höfðu borist fleiri tillögur en frestur til skila var til 16. apríl sl. Tillagan sem barst var frá Dagný M. Sigmarsdóttur, Kristínu Kristmundsdóttur og Sigrúnu Lárusdóttur. Þeirra hugmynd er að stofnsetja og reka kaffi- og menningarhús í Gamla skólanum undir heitinu Viðvík. Auk þessa hlutverks kemur fram í tillögu þeirra áhugi fyrir að halda utan um ákveðna upplýsingagjöf til ferðamanna. Í tillögunni er gert ráð fyrir að samningstími verði 3 ár. Adolf lýsti vanhæfi sínu til að taka þátt í umræðum og afgreiðslu málsins og vék af fundi.

Samþykkt að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við fyrrgreinda aðila um rekstur hússins samkvæmt þeim hugmyndum sem kynntar voru.

2. Erindi KSÍ um sparkvelli, dags. 7. apríl 2004.

Í erindinu er kynnt sparkvallaátak sem KSÍ stendur fyrir og gengur út á að KSÍ og sveitarfélög geri samning um uppbyggingu sparkvalla. Í erindinu kom fram að KSÍ taldi sig geta veitt um 150 milljónum króna í verkefnið og reiknaði með að um 40 vellir verði byggðir í áttakinu. Umsókn um þátttöku í áttakinu er til 10. maí og reiknað með að KSÍ ljúki afgreiðslu umsókna 17. maí. Meðfylgjand erindinu var kynning á gerð sparkvalla og staðlað umsóknareyðublað vegna málsins.

Samþykkt að sækja um þátttöku í áttakinu.

3. Norrænt vinabæjamót 24.-27. júní 2004, tillaga að dagskrá.

Fyrir fundinum lá tillaga að dagskrá og kostnaðaráætlun vegna vinabæjamóts sem sveitarstjóri kynnti. Mikil umræða varð um fyrirhugað vinabæjamót og einstakir dagskrárliðir ræddir. Hreppsnefnd gerði ekki athugasemdir við meginefni dagskrárinnar og var henni vísað til undirbúningsnefndar til frekari útfærslu.

4. Bréf:

a) Starfsbrautar FNV, dags. 16. apríl 2004.

Í bréfinu er farið fram á styrk til að kosta brautskráningarferð starfsbrautar til Ítalíu. Erindið var samþykkt.

b) Skipulagsstofnunar vegna breytingar á aðalskipulagi, dags. 7. apríl 2004.

Í bréfinu kemur fram að Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við að sveitarstjórn auglýsi tillöguna. Sveitarstjóra falið að vinna áfram með málið.

c) Löfræðideildar Sambands ísl. sveitarfélaga um gatnagerðargjald, 7. apríl 2004.
Í bréfinu er veitt álit á hvernig fara skuli með endurgreiðslu gatnagerðagjalda af eignum sem ekki hafa verið byggðar en gatnagerðagjöld greidd af. Sveitarstjóra falið að bera málið einnig undir lögfræðing sveitarfélagsins.

d) Blönduósbæjar um sameiningarmál, dags. 7. apríl 2004.
Í bréfinu er kynnt ályktun bæjarstjórnar Blönduóssbæjar um sameiningarmál. Í ályktuninni er því beint til þeirra aðila sem fara með tillögugerð í sameiningarmálum að gera tillögu um að Austur Húnavatnssýsla verði gerð að einu sveitarfélagi. Bréfið var til kynningar.

e) Ferðamálafélags A-Hún, dags. 2. apríl 2004.
Í bréfinu er óskað eftir að Höfðahreppur styrki útgáfu bæklingis um ferðamál sem gefin verður út á þremur tungumálum. Erindið var samþykkt.

5. Fundargerðir:

a) Skólanefndar, 13.04.2004.
Fundargerðin var samþykkt.

b) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 19.03.2004
Fundargerðin var til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 19⁴⁵

Magnús B. Jónsson
(sign)

Adolf H. Berndsen
(sign)

Gígja H. Óskarsdóttir
(sign)

Jensína Lýðsdóttir
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)